



**210. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 2. maí 2013 kl. 12:00.**

**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Hafsteinn Pálsson, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson 1. varamaður, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.**

Forseti bauð stjórnarmenn velkomna til fyrsta fundar nýrrar stjórnar eftir Íþróttatöping og fór yfir fyrirkomulag funda. Einnig skýrði hann fyrirkomulag funda framkvæmdaráðs ÍSÍ.

### **1. 71. Íþróttatöping ÍSÍ**

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að úrvinnsla þingsins og útsending samþykktu væri hafin til þeirra sem það varðar. Þakkarbréf hafa verið send og ÍSÍ-fréttir hafa verið prentaðar með fréttapunktum frá þinginu og yfirliti yfir samþykktar tillögur.

Þakkir bókaðar til starfsfólks ÍSÍ fyrir skjóta og góða útgáfu ÍSÍ-frétta eftir þingið.

Skoða þarf fjárhagáætlun ÍSÍ í ljósi þess að tillaga um fjármögnun Felix tölvukerfisins var ekki samþykkt á þinginu.

Skrifstofu falið að senda stjórn lista yfir helstu skammstafanir í íþróttahreyfingunni á alþjóðavísu, til upprifjunar.

### **2. Skipan embættismanna ÍSÍ**

Forseti lagði fram tillögu um að skipan embættismanna ÍSÍ yrði óbreytt frá síðasta kjörtímabili, þ.e. Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri og Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari.

Tillagan var einróma samþykkt.

### **3. Skipan í nefndir og ráð**

Framkvæmdastjóri dreifði lista yfir núverandi skipan nefnda og ráða ÍSÍ ásamt skipuriti ÍSÍ.

Fundarmenn voru beðnir um að láta forseta vita um óskir sínar varðandi setu í nefndum og ráðum ÍSÍ. Ákvörðun um niðurröðun mun væntanlega liggja fyrir til staðfestingar á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

### **4. Ólympísk verkefni**

#### **Smáþjóðaleikar - LUX 2013**

Friðrik Einarsson skýrði frá lokaundirbúningi fyrir leikana. Undirbúningur hefur gengið vel.

#### **EYOF Utrecht 2013**

Helga H. Magnúsdóttir gefur ekki lengur kost á sér í fararstjórn á leikana vegna anna við önnur verkefni. Afreks- og ólympíusviði ÍSÍ falið að tilnefna annan fararstjóra í hennar stað, í samráði við forseta og framkvæmdastjóra.

#### **Sochi 2014**

Undirbúningur er á áætlun. Afreks- og ólympíusvið ÍSÍ mun tilnefna fljótlega fagteymi fyrir leikana.

#### **Evrópuleikar 2015**

Nú er ljóst að fyrstu Evrópuleikarnir verða haldnir í Baku í Azerbajjan 21.-28. júní 2015. Ekki er búið að gefa út lista yfir þær íþróttagreinar sem keppt verður í á leikunum en þátttaka í leikunum gæti haft áhrif á þátttöku í Smáþjóðaleikunum á Íslandi í fyrstu viku júnímánaðar 2015.

## 5. Smáþjóðaleikar 2015

Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði frá helstu verkefnum Skipulagsnefndar leikanna. Verið er að vinna kynningu fyrir aðalfund GSSE í Luxemborg 27. maí nk. og einnig kynningarefni til dreifingar á leikunum. Nefndin vinnur áfram að því að finna tilnefningar í helstu stöður vegna undirbúnings.

Friðrik Einarsson kynnti hugmynd að verkefni í markaðsmálum í tengslum við leikana.

## 6. Heiðranir

Samþykkt var í gegnum tölvupóst að heiðra Aðalbjörgu Óskarsdóttur með Silfurmerki ÍSÍ á ársþingi HSS sem haldið var 30. apríl sl. Gunnlaugur Júlíusson sótti þingið og sæmdi Aðalbjörgu merkinu.

Samþykkt var í gegnum tölvupóst að heiðra Knút Hauksson fráfarandi formann Handknattleikssambands Íslands með Gullmerki ÍSÍ. Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ sæmdi Knút merkinu á ársþingi HSÍ 30. apríl sl.

## 7. Fundargerðir:

### Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 209. fundur framkvæmdastjórnar

## 8. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið. Nokkur ársþing eru framundan og voru fundarmenn beðnir að skrá sig á þau þing sem þeir komast til.

## 9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn fimmtudaginn 6. júní.

## 10. Önnur mál

### Bréf ríkisskattstjóra

Lagt fram bréf frá ríkisskattstjóra vegna skattskyldu íþróttafélaga. Bréfið hefur verið sent út til hreyfingarinnar til kynningar. Frekari fundarhöld eru fyrirhuguð með ríkisskattstjóra vegna fræðslu til hreyfingarinnar um skattskyldu eininga innan ÍSÍ og önnur málefni þessu tengt. Fram kom tillaga um ráðstefnu um skattamálefni sem send væri út í gegnum netið til að tryggja dreifingu til allra.

### Ný ríkisstjórn

Fram kom að huga þurfi að kynningu á íþróttahreyfingunni til nýrrar ríkisstjórnar, t.d. með því að bjóða nýjum þingmönnum í heimsókn í höfuðstöðvar ÍSÍ.

### Afreksmál SSÍ

Forseti skýrði frá fundi með formanni Sundsambands Íslands vegna afreksstyrkja og fyrirkomulags greiðslna til styrkþega.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.